

## **Nauðgun og nauðung í Ísrael og Palestínu Vanessa Beeley**

Vanessa er óháður, breskur blaðamaður, sem starfað hefur í áratugi í heimi arabískrar menningar. Hún hefur nú bækistöð í Sírylandi. Vanessa hefur skrifað fjölda greina og flutt mýgrút erinda í fjölmiðlum á Vesturlöndum og víðar.

Í þessari grein, grundvölluð á góðri heimildavinnu, beinir Vanessa sjónum að kynofbeldi Ísraelsmanna og ofbeldi gegn börnum. En slíkt ofbeldi er venjulega rauður þráður í skrímslun andstæðinga, bæði við undirbúning stríðs og meðan á því stendur.

Flestir kannast líklega við áróður Ísraela í þessa veru; fjöldanauðganir Hamashermanna á ísraelskum konum (í kúlahríðinni miðri), afhöfðun ungbarna og steikingu þeirra. Á Alþingi Íslendinga og í fjölmiðlum tóku menn andköf af hryllingi.

Það leikur varla nokkur vafi á því, að um lygar sé að ræða í grundvallaratriðum. Ísraelar hafa lært áróðurskúnstirnar af Bretum m.a., sem kunna þær manna best – eða fyrirtæki á þeirra vegum. Þau gera garðinn frægan í Úkraínu sviðsettu að öllum líkindum Bucha „fjöldamorð“ Rússa og annað kræsilegt.

Fjölmiðlar á Vesturlöndum reiða sig t.d. á ZAKA hreyfinguna, sem er sambærileg Hvítu hjálmunum, sem leyniþjónustur Bandaríkjamanna og Breta beittu til áróðurs og uppreisna í Sírylandi. Forystumaður hinnar fyrstnefndu er sjálfur dæmdur nauðgari og barnaníðingur. Ásakanir um skipulögð fjöldamorð, nauðganir og barnadráp Hamashermanna, eru yfirleitt falskar. Vanessa hefur tekið saman fjölda heimilda um þetta.

Fáir virðast gera sér grein fyrir, að Ísraelsmenn hafi fangelsað þúsundir Palestínumanna, allt frá börnum og upp í gamalmenni. Fangar þeirra eru iðulega beittir harðræði og flestir fangelsaðir fyrir engar sakir af hernámsliðinu. Kynofbeldi er algengt. Vanessa skýrir frá nokkrum rannsóknum og fréttum, sem aldrei hafa náð eyrum Vesturlandabúa, um þetta ofbeldi, t.d. um brennu sextán ára pilts og átján mánaða barns, litla Ali. Báðir voru brenndir lifandi.

Það eru margar heimildir um barnadráp Ísraelsmanna. T.d. voru þrettán börn sölluð niður í grennd við Shifa sjúkrahúsið í Gaza, samkvæmt Euro-Med Monitor.

Ísrael er stundum kallað himnaríki barnaníðinganna. Sjálfsagt muna margir eftir tengslum Jeffrey Epstein við ísraelsku leyniþjónustuna, en færri kannast við Malka Leifer, Gyðing og skólastjóra frá Melbourne í Ástralíu. Hún flúði undan réttvísinni í Ástralíu til Ísraels, hinnar Guðs útvöldu þjóðar, sem býr í einasta lýðræðisríkinu fyrir botni Miðjarðarhafs.

Fleiri barnaníðingar hafa notið sömu verndar. Israel Post segir þá skipta þúsundum. Haarets lýsir landinu sem „öruggu skjóli (hot spot) fyrir gyðingleg kynrándýr í útlöndum.“ Í þessu fríða föruneyti eru eitt hundrað prestar. Flestir eru óþokkarnir úr röðum Sionista.

Það er ekki bara ísraelskum fjölmiðlum, sem ofbýður ofbeldisviðbjóðurinn. Nýleg rannsókn á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem m.a. vísaði á bug ofangreindum ávirðingum á hendur Hamashermönnum, lýsa sérstaklega uppnámi (distress) yfir kynofbeldi í garð kvenna og stúlkna í ísraelskum fangelsum – sem og öðrum pyndingum. Karlar sleppa ekki heldur.

Því miður er þetta gömul saga og ný. Réttlæting nauðgunar og nauðungar er meira að segja fléttuð inn í trúarfræði þessara illmenna, sbr. prestana Shmuel Eliyahu og Mordechai Kedar við Bar-Ilan háskólann.

[https://eabbas.substack.com/p/israels-policies-escaping-scrutiny?utm\\_source=cross-post&publication\\_id=2410345&post\\_id=143371468&utm\\_campaign=716517&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://eabbas.substack.com/p/israels-policies-escaping-scrutiny?utm_source=cross-post&publication_id=2410345&post_id=143371468&utm_campaign=716517&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.globalpolitics.se/usa-forsoker-utpeka-forfattaren-till-fns-rapport-om-israels-folkmord-som-antisemit/>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/04/04/stop-reporting-on-bidens-angry-feelings-toward-israel-its-not-news-its-not-interesting/14/>

<https://sonar21.com/israel-catching-well-deserved-flack-for-its-undisciplined-brutality/>

[https://steigan.no/2024/04/israelsk-propagandist-bak-narrativ-om-massevoldtekt-utfort-av-hamas-avslort-som-grov-svindler/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/04/israelsk-propagandist-bak-narrativ-om-massevoldtekt-utfort-av-hamas-avslort-som-grov-svindler/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://covertactionmagazine.com/2024/04/06/the-ghosts-of-gaza-are-whispering-every-night/?mc\\_cid=af5fe30ca7&mc\\_eid=5cd1ec03b1](https://covertactionmagazine.com/2024/04/06/the-ghosts-of-gaza-are-whispering-every-night/?mc_cid=af5fe30ca7&mc_eid=5cd1ec03b1)

[https://beeley.substack.com/p/israels-culture-of-rape-and-child?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=716517&post\\_id=143376576&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/israels-culture-of-rape-and-child?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=143376576&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)